15-74-1

# Viljinn

Lestrarfélagsblað í Miklabæjarsókn

15. ár 1 tölublað.

# Bæjaröð „Viljans“.

| | Kom. | Fer |
|---|---|---|
| Djúpidalur | 7 des. | 9. des. |
| Litlidalur | 9 – | 10. – |
| Stóra-Akrar | 10 – | 11. – |
| Höskuldsstaðir | 11. – | 12. – |
| Miðhús | 12–14 | |
| Þorleifsstaðir | 14. – | 15. – |
| Vaglar | | |
| Hrólfsstaðir | 16 | 17. – |
| Miklibær | | |
| Víðivellir | | |
| Hella | | |
| Miðsitja | 26. – | 27. – |
| Sólheimar | | |
| Úlfsstaðir. | | |

Menn eru ámintir um að fara vel með „Viljann“ og láta hann ekki liggja óþarflega lengi hjá sér. Nóg að hann sé eina nótt á bæ.

Ritstjórinn.

# Viljinn

Lestrarfélagsblað í Miklabæjarsókn.

| 15. árg. | Nóvember 1924 | 1. tölubl. |
|---|---|---|

## Leiðarorð.

Samkvæmt ályktun síðasta aðalfundar heilsar „Viljinn“ í 15. sinni upp á félagsmenn. Það virðist almennur vilji fél.manna að blaðið komi út — nokkur blöð á þessum vetri. Enda virðist það svo, að það geti verið bæði til skemtunar og fróðleiks, ef vel væri á haldið. En til þess þyrftu nokkrir að rita í blaðið, auk ritstjórans. Vér höfum þá skoðun (að blaðið ætti að geta verið seinni tíðar mönnum til allmikils fróðleiks ef í það væru sett helstu og merkustu viðburðir í héraðinu, skýrslur og fl. úr Akrahreppi og Miklabæjarprestakalli. Og þó þetta mundi vera (að finna á öðrum stöðum

væri það þarft verk fyrir því. Skyldi oss ekki þykja fróðlegt og skemtilegt ef vér hefðum í förum vorum ágrip af sögu sveitarinnar áður en vér þekkjum til. Ýmislegt, t.d. í tíð Péturs próf. á Víðivöllum, Skúla fógeta á Ökrum, Jóns Espólíns o.s.frv. Og víst er um það, hver byggðar bær og hvert eyðibýli á sína sögu. Og mörg merk sagan og merkt atvik gleymt og grafið.

Vér vonum nú að þið, virðuleg félagsbræður og systur styðjið oss í útgáfu blaðsins með því að senda eitthvað í það. Munum vér taka þakksamlega á móti því og eigi láta það aflagast í meðferðinni. En beinum hnútum og persónu eltingum höfnum vér algerlega.

Með virðingu
Ritstjórinn.

# Hernaður

—

„Ekki er gaman að guðspjöllunum þegar enginn er í þeim bardaginn", sagði kerlingin forðum og hún stóð ekki ein uppi með þessa hugsun, sú gamla. Oftast hafa það þótt skemtilegustu sögurnar, sem sögðu frá styrjöldum og vígaferlum. Þetta er því undarlegra sem við erum mestu friðsemdarmenn í heiminum, nema rétt einstöku sinnum á fundum og ferðalögum, og þá helst meðan ölið var á könnunni þ.e.a.s. aðflutningsbannið ekki gengið í gildi. Einhverntíma hefi eg heyrt að þetta mundi stafa af því, að víkingsblóðið væri ekki alveg runnið úr æðum okkar ennþá. Við Ísl. þekkjum lítið til hernaðar eins og hann er í raun og veru, og er það vel farið. Við þekkjum einungis þá hliðina, sem skáldskapurinn hefir íklætt sínum æfintýraljóma. Sjaldan höfum við náð í fregnir, sem hafa skýrt satt og rétt frá atburðunum. Eg hefi heyrt suma halda því fram, að hermennirnir hefðu ekki annað að gera, en að ganga út og skjóta á ó-

víkina, eins og menn ganga hér til rjúpna á vetrum. Setjast síðan að sumbli eins og Einherjar forðum og láta þannig hvern dag endurtaka sig. Hvern dag gengju menn í skrautlegum einkennisbúningi með skínandi vopnum og hefðu ekkert að gera langa tíma nema „drifa og þamba bjór". Svo þegar stríðið væri á enda kljáð, héldu þeir heimleiðis með fullar hendur fjár, keyptu sér jörð, fóru að búa, gifta sig o. s. frv.

Sjálfsagt hafa margir þeirra, sem fyrst gengu í heimsstyrjöldina af frjálsum vilja, álitið að það mundi verða eitthvað svipað þessu. „Út vil ek" hafa þeir hugsað, og gefið sig fram, með því hafa þeir líka fullnægt æfintýraþrá sinni, sem er ríkust hjá unglingunum á þeim aldri. En mikil hafa vonbrigðin verið fyrir þessa menn, ekki var iðjuleysið. Mikill hluti sólarhringsins fór í eintómar æfingar. Já, það fanst þeim nú samt skrambi erfitt, en það yrðu þeir auðvitað að læra, þetta yrði alt lagt niður þegar þeir kæmu á vígvöllinn. En þegar þangað

kom tók ekki betra við. Hvergi hefi eg séð þessu betur lýst en í bókum Írlendingsins Patrick MacGills. Hann er nú talinn skrifa beztar og sannastar sögur frá ófriðnum mikla. Og lýsingar hans bera einmitt vitni um það hvílíkt hundalíf það hefir verið, sem hermennirnir áttu þar oft og tíðum. Í skotgröfunum var vatnið og leðjan stundum í hné, og þarna máttu þeir híma, hungraðir kaldir og blautir, stundum dögum saman, án þess að fá nokkra hressingu og heyra á hverri stundu þyt sprengikúlanna og dauðavein félaga sinna alt í kringum sig. Til þess að menn geti gert sér í hugarlund, hvernig umhorfs muni hafa verið þarna á vígstöðvunum, og þar í kring, hef eg snarað kafla úr einni bók Patricks á íslensku, ef lesendur „Viljans" gætu haft gaman af að hlaupa yfir hann og fylgir hann hér á eftir. Þó að þetta megi óneitanlega teljast „lauslega þýtt", þá held eg að efnið hafi ekki raskast, og þarna segir sá frá, sem sjónarvottur var að öllum ógnum ófriðarins og gekk í gegnum þann hreins-

unaeld allan. Þegar eg hafði lesið bækur þess höfundar og séð lýsingar hans af ófriðnum datt mér í hug, hversu við mættum vera þakklátir forsjóninni fyrir, að það land, sem við höfum ~~fæð~~ fæðst og alist upp á, skyldi liggja svona langt frá hildarleiknum, að við skyldum losna við að leggja nokkra fórn á altari stríðsguðsins. Það eitt út af fyrir sig ætti að nægja til þess að við elskuðum það og fórnuðum því okkar kröftum til friðsamlegra starfa, starfa sem væru fólgin í því að byggja upp, en ekki til að leggja í rústir. Í þessu sambandi dettur mér í hug ein hringhenda eftir Guðm. Friðjónsson á Sandi og með henni enda eg þessar línur. Hún er þannig:

„Við þér svala hugur hrýs
er Hildur mælir líði.
Við erum sæli út við ís
að eiga hæli _í friði_."

Stefán Vagnsson.

— " — — " — — " —

„Hann dreymdi um herfrægð og hornanna klið
og hallir á skínandi lundum.
En slátrun og skurðgröft hann vaknaði við
á víðlendum Frakklands grundum"

— — — — — —

Þegar hinn nýkomni hermaður beygir inn á hinn langa þjóðveg, sem liggur milli borga og bæja Norður-Frakklands, er hann himinlifandi yfir því, að vera nú loksins „kominn í stríðið", með öllum þess æfintýrum. Hann er nú á leið til herlínunnar. Það er í sólaruppás og fyrstu geislarnir eru farnir að gægjast yfir trjátoppana meðfram veginum. Hver lævirkinn á fætur öðrum flýgur syngjandi upp í loftið, og meðfram veginum suða engisprettunnar og ýms skordýr, og blandast hljóð þeirra saman við glamrið í vopnunum. Vegurinn er ennþá skuggasæll, en þar sem sólin nær til að skína á hann glitra daggardropar eins og skínandi gimsteinar. og eins langt og augað eygir liggur hinn ljósleiti þjóðvegur fram-

undan honum inn í land æfintýranna — inn á hið óþekta.

Og þar liggur herlínan, þar sem ein skotgröfin tekur við af annari og liðast eins og á í gegnum engi og skóga kaupstaði og sveitaþorp. Á daginn getur hann áttað sig á hvar hún er, ef hann veitir eftirtekt þórdununum, sem þangað berast, þegar sprengikúlurnar tæta upp jörðina, en á nóttunni er galbjart yfir vígstöðvunum af leitarljósum og logabröndum út úr fallbyssukjöftunum, sem þruma í sífellu og boða dauða og eyðileggingu, svo vítt sem þeirra veldi nær. Í nokkurri fjarlægð liggur herlínan eins og rauð lína; séð út við sjóndeildarhringinn óheillavænleg og örlagaþrungin, bak við skuggalegt landslag með hrundum húsum og borgum og þorpum, sem nú hafa verið skotin í rústir. Af hinu glaðværa lífi, sem eitt sinn átti sér stað hér, er nú ekki annað eftir, enn einstaka skuggi, sem vitja hermannanna í draumum þeirra, og uppskeran frá árunum áður, rotnar niður á ökrunum ásamt

þeim, sem að létu þar lífið. Það er aðeins náttúran, sem þetta hefir engin áhrif á. Græna grasið er farið að beygja sig yfir líkin og langleggjaðar rauðar valmúur vagga höfðinu í morgungolunni milli blikandi byssustingjanna á brjóstvörninni.

Oft hefi eg starað út til herlínunnar um sólarlagið að sumrinu, og séð sprengikúlurnar hverja eftir aðra kljúfa loftið með langan eldhala á eftir sér. Flugvélarnar þutu um geiminn, þessir litlu flugfiskar, sem stundum svifu í gegnum síðustu geisla kvöldsólarinnar, svo hinir útþöndu vængir þeirra ljómuðu, eins og sæi í eld. Hringinn í kring um þær sáust hvít og svört ský. Það er reykurinn af sprengjunum, sem skotið hefir verið á þær frá jörðinni, ef ske kynni, að hægt væri að limlesta einhverja þeirra, svo hún dytti niður.

Þegar eg virti fyrir mér stórskotahríðina með sínum æðisfylltu orraleik, datt mér í hug gamla sagan af þeim, sem langaði til að sjá auglit

Guðs. Og sjá! Honum varð að ósk sinni og hann dó. Það sem eg sá var ~~ekki~~ sem auglit Jehova, ekki holt fyrir neinn að sjá. Sá sem af eigin reynslu þekkir hinar erfiðu göngur hermannanna, mun aldrei gleyma þeim. Burtförinni frá hinni notalegu hlöðu, þar sem herm. hafa dvalið um stundarsakir, út í kalt næturloftið, hljóm kirkjuklukknanna í þorpinu, sem kalla söfnuðinn til aftansöngs, — söng hermannanna, sem alvopnaðir ~~standa~~ búa til skotgrafanna — ljósunum í litlu húsunum alt í kring í myrkrinu, — stjörnunum sem smásaman koma í ljós á himinhvolfinu — trjánum sem þunnbúin mæna yfir veginn, eins og þau séu að hlusta eftir því, hvað sé að gerast þessa nótt, sem blandar myrkri sínu saman við þokuna yfir verksmiðjubæjunum, reykháfum, járnbrautarsporunum, merkjaluktunum, kolahaugunum, stynjandi eimreiðum og óhreinum flutningsvögnum.

Hermanninum hleypur kapp í kinn í hvert skifti, sem hersveitin hans kemur á næstu hæðina við víglínuna. Alt þetta kannast hann svo vel við og þó sér hann altaf eitthvað nýtt. Blá, rauð og græn leifturljós teygja sig upp á himinhvolfið yfir skotgröfunum. Niður af hæðinni liggur vegurinn út á sléttuna, gegnum draugalegar rústir af hálfhrundum múrveggjum, og timburhúsum sem öll eru skæld og skökk, eftir skothríðina, og taka á sig enn fáránlegri myndir í myrkrinu. Einhversstaðar til hægri handar heyrir maður drunur í fallbyssu, sem frá fylgsni sínu eys sprengikúlunum yfir óvinina í margra k.m. fjarlægð. Frá veginum heyrum við sífelt vagnaskröltið, þar eru skotfæravagnar á ferðinni, vatnskerrur, sjúkravagnar, rauðakrossvagnar, flutningsbifreiðir með vistir handa hermönnum o.fl. Við mætum þarna einni hersveit, sem kemur frá skotgröfunum. Hermenn bera rifflana á öxlinni

en byssustöngina á hlið. Sprengja tætir upp jörðina skamt frá okkur, við heyrum hvernig mölin og grjótið tvístrast á allar áttir og dettur svo niður aftur með samskonar hljóði, eins og maður sendi handfylli af baunum niður á gólf. Við tökum okkur hvíld í þorpi, þar sem trén standa blaðlaus, sprengjurnar hafa feykt þeim burtu. Í líku ásigkomulagi eru húsin, gluggalaus og þaklaus með þörtum. Meðan við liggjum á steingólfinu í kjallaranum og erum rétt að festa svefninn, heyrum við að farið er að hvessa og hurðir og hlerar opnast og lokast í sífellu með skarkala og gauragangi. Í dögunninni vaknar maður við skothríð, það er verið að skjóta á flugvélar, sem eitthvað hafa látið til sín heyra, án þess þó að þær sén hittar. Brotin frá sprengjunum falla hvínandi til jarðar, með þeim krafti að þau mundu mola þakstein, ef nokkur væri heill eftir, eða hauskúpu á einhverjum, ef

hann gerði fyrir slíkri sendingu. Maður breytir hyggilegast með því að vera sem minst úti við, meðan á þessu stendur. — Þegar maður kemur út aftur sjáum við spörvana vera að hoppa á húsþökunum, eins og ekkert hafi í skorist. Aðalgata bæjarins er nú grasi vaxin. Yfir dyrunum og í götum eru kongulóarvefir. Fjöldi af flugum hefir látið lífið í hinum glitrandi vef, það sést best á þeim fjölda af skrokkum og vængjum, sem uppþornaðir hanga enn í vefnum.

Hingað og þangað liggja brotin krossmörk og á einum stað rifin og tætt mynd af Jósef og Maríu og Jesúbarninu. Litlu ölturin, sem stóðu við götuhornin, eru nú ekki annað en grjóthrúga og kirkjan ein rúst. Á daginn hefir enginn leyfi til að láta sjá sig úti, því þýskur njósnar loftbelgur, sem líkist griðarstórum banana ávexti með mjórri endann niður — hangir hátt upp í lofti, 10 km. burtu, og þeir sem eru í körfunni sjá alt, sem gerist

hér á götunum.

Bak við götu húsin í þorpinu er her-
manna grafreitur, þar hafa sprengjurnar bein-
línis mokað þeim dauðu upp úr gröfum sínum.
Hér í þorpinu liggja þeir dauðu ofanjarðar, en
þeir lifandi verða að leita sér skjóls niðri í
jörðinni

Hversu indælt er það ekki að losna úr
skotgröfunum eftir marga daga strit og
þrældóm og fá að hvíla sig í einhverju frið-
sælu sveitaþorpinu [langt í burtu], þar sem ölið er ágætt
og súpan og salatið framúrskarandi. Þegar
fæturnir eru orðnir bólgnir og skinnlausir, og
það sem maður ber brennir á manni hrygginn
eins og logandi eldur og ólarnar skera í axlir-
nar eins og hnífar; getur maður þreyst illi-
lega, en blessuð hvíldin, þó maður njóti henn-
ar í gamalli hlöðu, með brakandi stiga og
þar sé alt fult með köngulóar og dordinguls-
vefi, vegur á móti öllum erfiðleikum. Við

köstum ~~frá~~ okkur ofan í hálminn og
reimum frá okkur legghlífar og skó og
kveikjum í sigarettunum við kertaljósið. Hlað-
an verður að höll, þar sem ljós og skuggar
skiftast um yfirráðin. Ljósglampinn flögrar
fram með veggnum og stjörnurnar gægjast inn
um þakið. Þreytuleg augu undir þungum brún-
um, mæta öðrum þögult spyrjandi: „Bætir ekki
þvílík næturhvíld fyrir alt erfiðið?" Jú, það
gerir hún sannarlega." Annars rýfur enginn
þögnina, eða hreyfir sig. Við erum hvíld-
inni fegnir, dauðfegnir. Margir velta útaf
sofandi, þar sem þeir eru komnir og vakna
ekki fyr en sigarettan brennir þá í fingurna.
Við vitum hvað það er [að fá] að hvílast, því við
höfum komist í kynni við þreytuna. ——

— — — — — — — — — — — —

## S.t.ö.k.u.r

(Eydar á Skriðu haustið 1924)

1. Hér er dauði, hér er líf
hér er ljós og myrkur.
Hér er gleði hér er kíf,
hér er eymd og styrkur.

2. Hér er selt og hér er keypt,
hér er grætt og tapað.
Hér er friður hér er heift,
hér er deytt og skapað.

A. B.

## Staka

Þó ég fátækt finni hér
og falli þannig saga,
hefir lífið lánað mér
ljós, um æfi daga.

(1923)

A B.

# Gamlar venjur

—

Í Endurminningum mínum hefi eg sagt frá ýmsum venjum og siðum, er voru að kalla almennar í Bárðardal og Fnjóskadal í Suður-Þingeyjarsýslu, þegar eg var að alast þar upp. Hefi eg tínt saman nokkrar af þeim, til að lofa lesendum Viljans að heyra, þótt eg viti að margir kannast við margar af þeim — og séu jafnvel enn í dag iðkaðar hjá mörgum.

## I

- Skilja eftir dreif eða fang á engi á haustin
- Þráta hrosshaus (bein) í töðuheyið á sumrin.
- Takka framan af hornum á lömbum á haustin
- Bera hey og móð á vetrum í kálfskinnsbuddum.
- Skera fé á haustin með gömlu tungli og útfalli sjávar.
- Rista torf með gömlu tungli
- Hlaða eldhús strompa með útfalli sjávar.

– Reka ókunnar skepnur á Tilvonandi verustað þeirra, með aðfalli sjávar
– Rökkursvefn oftirlega hafður.
– Lítli skattur gefinn á Túnasletti.
– Aukabiti gefinn við sum verk, svo sem þá er stungið var út úr fjárhúsum á vorin þæfti vaðmál o.fl.
– Aldrei barið á dyr eftir dagsetur.
– Gefinn hátíðamatur: á sumardaginn fyrsta, í Töðugjöldin, fyrsta vetrardag, fyrsta sunnudag í jólaföstu, þrettánda dag jóla, þriðjudaginn í föstuinngang. og sumstaðar oftar.
– Gangnamenn höfðu stundum með sér á kútum sterkt mjólkurlaust kaffi með brennivíni í.
– Aldrei bundnir forustusauðir þá rúið var.
– Tagl var gert upp á öllum reiðhestum þá riðið var, án þess var kallað að „ríða sneipt"
– Ef kind jarmaði á blóðvelli, var henni gefið líf.

– Lömb voru hefð fyrstu 2 dagana eftir fráfærur, með mjúkum ullarhöftum, svo löngum, að lömbin gátu gengið í þeim.
– Lömb voru setin 4–8 daga heima og svo staðað hjá þeim í afréttinni, meira eða minna.
– Geithyski (geld) var rekið á afrétt.
– Þegar ær voru fjallsæknar (fjallaflennur) var þeim gefið salt í kvíum til að spekja þær.
– Til að flýta fyrir igðð í fingri var oft lagður við morkinn hákarl.
– Til að stilla blóðnasir var bundið utan um litlafingur manns, hinsvegar við nösina, eða ef blæddi úr hægri nös, var bundið um fingur á vinstri hendi
– Við snjóbirtu brúkuð brjóstamjólk.
– Við higsta, að gera þeim bilt við.
– Sumar ungar stúlkur báru hesta makka í hár sitt.
– Margir átu úr öskum með loki yfir.
– Matarleifar vanalega geymdar upp á

hillu, sem var hjá hverju rúmi.
— Heitur matur beitarhúsamanna byrgður niðri í rúmi, þar til maðurinn kom heim.
— Slegið með íslenskum ljáum.
— Smjöröskjur voru á hverjum bæ. Brúkaðar undir smjör í ferðum öllum.
— Blönduílát var æfinlega farið með á engi og mikið drukkið. Oftast var það kútur, en stundum legill.
— Stólkambar voru á hverjum bæ.
— Vatnsmyllur víða, handkvarnir alstaðar og vindmyllur á fremur bæjum.
— Lýsislampar brúkaðir
— Ljósasöx úr kopar eða járni, víða til.
— Hestar oft heftir með tágarhöftum. Þóttu góð í bleytum.
— Klafar æfinlega á kúm í fjósi.
— Heymeisar alstaðar brúkaðir undir kúahey.
— Sporrekur á mörgum bæjum, og alstaðar stórar snjórekur úr tré.

— Hjarnbroddar og ísajárn á mörgum bæjum.
— Hlíðarhettu (Mývatnshettu) áttu allir karlmenn.
— Langir broddstafir voru á hverjum bæ.
— Allir átu með hornspónum.
— Slíðra og hilla voru upp yfir hverju rúmi. Í slíðrunni voru geymdir hnífar, spænir o.fl.
— Geitarskinn voru höfð í sætum manna og á rúmum og meri hárið niður.
— Sparlök fyrir rúmum voru víða, dregin til á snúru að ofan.
— Brekán mislit, yfir rúmum á daginn.
— Rúmfjalir við flest rúm.
— Næturgögn öll úr tré.
— Hver hundur átti sinn vissa dall að lepja úr.
— Vigtað var hey handa kúm.
— 30 hestar ætlaðir handa kúnni, af dragbandi.
— Oft var taða söltuð á sumrin í hlöðunni eða heyinu, vanalega þá brúkaður saltpækill, og honum stráð með vendi, smátt og smátt um heyið.

— Ef Tada verkadist illa, var höfð í Tunna eda 2 Tunnur í heyinn, hladið að þeim, en þær fördar við og við upp, svo seinast var gat eftir þær, upp og niður heyið.

— Klukka úr kopar var í horni forustusauda.

— Allur eldiviður fluttur undir þak á haustin.

— Fjallagrös tekin á flestum bæjum. Brúkuð í grauta (grasagrautur), í mjólk (grasamjólk), í brauð og blóðmör og fl. Líka drukkið af þeim.

— Vallhumall, rjúpnalauf, blóðbjörg [berg] og fleiri grös voru tekin á sumrin, þurkuð og geymd og drukkið seyði af þeim við ýmsum kvillum.

— Einir var algenga til. Hann var brendur til að gera góða lykt. Einirberjabrennivín var algengt.

— Húsvendir voru margir á bæ. Með þeim var bæ-inn sópaður og hlöðugólf, einnig hreit með vendi þegar mjöl var sett í grauta. Jafnvel voru börn flengd með þeim, eda hrædd á þeim.

— Oft voru börn hrædd á ýmsu, þá til þess að hafa keipa úr þeim, eda óþægð. Þau voru hrædd á Grýlu, Karlinum í klöppinni, huldum uppi á bænum, manninum á glugganum, bola gamla o.fl., og vísur kvednar eda sungnar í sambandi við þetta.

— Myrkfælni var almenn.

— Álfatrú all mikil.

— Talsvert var af flökkufólki t.d. Krúsa Sólveig, Halldór Kröyer, Þórður stúlka, Bauna-Steini og m. fl. Var þessum aumingjum allstaðar tekið vel og hýstir máske fleiri nætur. Og þeim vanalega eitthvað gefið með sér og oft fylgt til næsta bæjar.

— Menn voru tveir, er ekki gerðu annað á haustin og framan af vetri, en rekka til og frá hrúta, því mikið var um kynbætur fjár og fáum trúað fyrir góðri meðferð á kynbótahrútunum. Þessir menn voru kallaðir Hrúta-Grímur og Hrúta-Jón.

— Slóði var brúkaður til að mylja skít

á sléttum túnum. Þrikka var skarnkvísl brúkuð víða.

— Ullarlár var á hverjum bæ, til að láta kembur í.

— Hrossabrestur var víða, til að fæla burtu frá túnum og engjum.

— Dýraboyar voru allmargir til, til að veiða tóur í.

— Fjalakettir voru víða, til að veiða mýs í.

— Vindhanar voru víða á bæjardyrapili.

— Hestastjakar víða á hlöðum til að binda hesta við.

— Fiskasteinn (stór) var víða, til að berja harðfisk á.

— Þrátið var um eldspítur og því víða farið til eldhúss, eftir rökkursvefn, til að kveikja ljós í hlóðum og gekk stundum langur tími í það.

— Að ganga aftur á bak, var sagt: „að ganga móður sína ofan í jörðina".

— Veifa priki í kringum sig eða spotta, var að fæla góða engla frá sér.

II.

— Flest börn voru látin lesa og læra, þegar þau voru búin að klæða sig á morgnana:

„Nú er eg klæddur og kominn á ról
Kristur Jesús veri mitt skjól;
í guðsóttanum gef þú mér
að ganga í dag svo líki þér."

— Börn voru látin lesa bænir ofinlega, áður en þau fóru að sofa.

— Húslestrar lesnir á hverjum helgum degi, sumstaðar árið um kring. og ofinlega á hverju kvöldi eða hverjum degi yfir veturinn, og oftast sungið fyrir og eftir.

— Þegar riðið var á stað til kirkju, lásu allir bæn og karlmenn tóku ofan höfuðföt sín á meðan. Svo bauð einhver öllum „góðar stundir" eins og eftir húslestur.

— Þegar lík var borið úr baðstofu, var ofin-lega sungið. Eins þegar það var borið inn í kirkju.

— Vakað var yfir líki ofinlega fyrstu nóttina, er það stóð uppi.

— Kvenfólk sat norðanmegin í kirkju en karlmenn að sunnan og karlmenn í kór.

— Kvenmannslík voru líka ~~að sunnan en~~ norðan-megin en karlmanna að sunnan.

— Ef gengið var um kórdyr meðan prestur var í stól, var siður að hneigja sig fyrir prestinum.

— Börn voru spurð á kirkjugólfi.

— Sungið var alt af á meðan er verið var að moka ofan í gröf, hvernig sem veður var.

— Menn signdu sig:

Þegar farið var að éta

Þegar komið var fyrst út á morgnana.

Þegar komið var út á kvöldin.

Þegar búið var að bæna sig eftir húslestur.

Þegar menn fóru að sofa.

Þegar farið var í nærskyrtu

— Sumir lásu borðbæn.

## III.

Laufabrauð var almennt að gefa á jólanóttina, t.d. 5–6 kökur karlmanni og 3–4 kvenmanni, ásamt öðrum hátíðamat. Jólakerti fylgdi hverjum diski. Þau voru steypt í formum og oftast snúin fífa í rakinn. Menn sátu oft eitthvert kvöldið rétt fyrir jólin, við að skera laufabrauðið og var keppt um að gera það sem best. Jólamatur var oft geymdur, eða eitthvað af honum, langt fram eftir vetri og þótti sá mestur, sem átti hann lengst fram.

— Þegar fiskskreið kom heim, gáfu margir húsbændur sinn fiskinn hverjum manni á heimilinu og þótti það fagnaður og sælgæti.

— Aldrei voru svið étin heit. Soðin á laug-

ardaga og étin í miðdegismat á sunnu-
dögum. Entust stundum fram að jólum.

— Ofinlega voru kindagarnir hirtar. Þær
voru vel verkaðar og líka og fléttaðar í
lengjur, soðnar og súrsaðar. Þóttu góður
matur.

— Sauðaþykni á haustin var mesti uppá-
haldsdrykkur, með hveitibrauði (skonroki),
og sætt.

— Ofinlega voru [illegible] úr kindum, hengd
upp í eldhús (reykt) og étin hangin, sem
hangiket. Þau voru spyrt upp á prik.

— Magálar voru hengdir líka upp í eldhús, en
aðeins hleypt upp á þeim áður, og press-
aðir í fjöl.

— Úr kjöti og mör voru búnir til langar,
sem kallaðir voru sperðlar og þeir
reyktir í eldhúsi.

— Margir átu úr útskornum öskum, með
loki yfir.

## IV.

Sumardagurinn fyrsti var mikill gleðidagur
og var haldinn sem helgur dagur. Menn
klæddu sig í hin bestu föt og glöddu sig
sameiginlega, sem mest þeir gátu. Og gamalt
fólk, sem aldrei tók þátt í skemtun, fór þá á
kreik, stundum í leiki.

— Sumargjafir almennar. Og minnist eg
þess, að þær vöktu mikla gleði og fögnuð
og var vanalega mikil hreyfing gleðinnar og
pukur hjá fólkinu fyrir þann dag. Og mér
er það ljóst, að þessar almennu sumargjafir
hafi hafi afarmikla og góða þýðingu fyrir
upplyftingu og sanna gleði fólksins. Sumir
fóru að búa sig út með þær litlu eftir nýár.
Eg minnist margra gleðistunda í sam-
bandi við þær.

— Skemtanir voru þær helstu þessar: Spil,
manntafl, kotra, mylla, refskák, að kveð-
ast á, syngja, ýmsir leikir, ýmsar þrautir,

glímur, steinatök, skíða og skautaferðir, lestur dægradvöl og m. fl. Helstu spil voru: Alkort, beis, blindtré, kóngaspil, hundur, svartipétur, marjas, víst, sjelpuspil, hjónasængurspil, laumuspil, púkk o. fl.

Helstu leikir voru:

Sattabrandsleikur, jólaleikur, fríunarleikur, skollaleikur, skessuleikur o. fl.

— Það var látið „hlaupa apríl"
— Svara sér í sumartunglið
— Skjóta kobba.
— Ungt fólk hélt upp á öskudaginn.
— Sparí skór voru úr svartlituðu skinni, með hvítum bryddingum.

B. Bárðdal.

# Heim frá.

Nú hnígur sól í sævardjúp
og signir fjöllin há
og rökkur breiðir bláan hjúp
um byggð og víðan sjá.
Hve gaman er und grænum hlyn,
að glæða hjá sér falinn eld. —
Við minninganna mána skin
þar mætumst við í kveld.

Í kvöld er ár aftan-gjöð
hún áfram niðar rótt.
Ég stend og hlusta á hennar ljóð —
en tíminn nálgast fljótt,
það slekkur lífsins lit á straum.
og lokar fjallaskörðum brátt.
Það dáleitt hefir dagsins glaum
með drauma undramátt.

'Í sál mér brennur barnsleg þrá
minn bæ að líta í kvöld,
og man þar blessuð blómin smá
og bernsku leikja fjöld.
Mér finst svo þröngt í þessum dal,
og þrái að geta komist hátt
og horft úr fríðum hamrasal
á hafið fagurblátt.

Mér leiðast tekur lífið hér
mig langar stöðugt heim,
og svíf til flugs og sveifla mér
í svalan rökkur geim.
Til hafsins og í huga fer
og hlusta á þess söngvahreim,
þar sem báran byltir sér
við blautan fjöru-stein.

Ó, heima er sælt og sumarbjart,
þá sólin vermir kinn
og Hlíðinni gefur hún gullið skart
við græna kjólinn sinn.
— Þar er svo margt sem auga sér
við aftanbjarmans geislaskin — —
— og fer nú heim og flýti mér
að finna kæran vin.

—

## Staka.

'Í djúpið kalda sólin sest
sortna fjarnir runnar.
En hvítir tindar bera best
blámann heiðríkjunnar.

Viðvaningur.

---

## Viljinn og húsbóndinn.

—

Húsbóndinn: Sæll og blessaður.
Viljinn: Sæll vertu.

Húsb.: Langt er nú orðið síðan þú hefir komið.

Viljinn: Ójá, það er nú orðið nokkuð langt. Eg hefi nú hafst hægt um mig, nú um all-langan tíma, svo eg ætti nú að vera búinn að safna nógum kröftum til nýrra ferðalaga.

Húsb.: Þú ætlar þá að ferðast í vetur og gleðja náungann.

Viljinn: Það er nú eftir því hvernig mér verður tekið, þar sem eg kem, og hvernig vistin verður hjá félaginu, sem á að fæða mig og klæða

Húsb.: Jæja kunningi. Berðu nokkurn efa á, að það verði ~~ekki~~ sómasamlega séð um það.

Viljinn: Það ætti að vera létt verk fyrir marga menn, en reynslan hefir sýnt það undanfarið, að það hefir verið erfiðleikum bundið.

Húsb.: Já þetta getur satt verið, þó eg tæpast trúi því, að þú verðir látinn líða fyrir ómensku og hirðuleysi félagsmanna.

Viljinn: Nú þykir mér þú vera stórorður kunningi. En

það er ekki svo að skilja, að sumir fél.menn eru mjög hirðulausir um mig, aftur nokkrir, sem gera mér mikið gott. (Sýnir á sér ferðasnið)

Húsb.: Ertu virkilega að fara.

Viljinn: Já, mig er farið að muna í, að sjá heimasæturnar á bæjunum, þar sem eg kem, þær hafa altaf verið mér vinveittar, blessaðar dúfurnar.

Húsb.: Jú, karlinn. Altaf ertu við það heygarðshornið.

Viljinn: Og þú hefir sjálfsagt verið fús á að finna þær á mínum aldri.

Húsb.: Ekki ber eg á móti því.

Viljinn: Mér þætti vænt um, ef þú vildir vera svo góður, að ganga með mér til næsta bæjar.

Húsb.: Það er meir en velkomið; það er skylda að ganga á leið með góðum gesti.

Viljinn: Ekki finna nú allir skyldu hjá sér til þess.

Húsb.: Það getur nú satt verið.

Viljinn: Þú ert nú búinn vel að gera, að koma mér til þessa heimilis, því þar verður mér tekið, tveim höndum. Og veistu

nú blessaðir og sæll.

Húsb.: Verið blessaðir og sæll. Góða ferð.

Viljum: Þakka þér fyrir.

X

---

## Til athugunar.

—

Vegna fjarveru ritstjórans, verður að bíða næsta blaðs, að minnast látins heiðursfélaga síra Björns próf. Jónssonar. Er í ráði, að fleiri leggi þar hönd að verki.

Ritstjórinn.

---

Ritstjóri: Baldvin Bárðdal
Ritari: S. Jónsson